

# Ársskýrsla

## Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2019



Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaga samkvæmt lögum nr.7/1998 og er starfsvæðið Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur. Í nefndinni eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2018.

### Aðalfulltrúar

Jón Haukur Ingvason formaður, Kópavogi  
Linda Hrönn Þórisdóttir, Hafnarf.  
Ingibjörg Hauksdóttir Garðabæ  
Sigurður Grétarsson, Kópavogi  
Sævar Gíslason, Hafnarf.  
Gnýr Guðmundsson, fulltrúi SA

### Varafultrúar:

Kristinn Þór Ingvason  
Guðmundur Sigurðsson  
Jón Bjarni Þorsteinsson  
Steingrímur Steingrímsson  
Elínbjörg Ingólfssdóttir  
Bryndís Skúladóttir

Elínbjörg Ingólfssdóttir kom inn sem aðalfulltrúi fyrir Sævar Gíslason í október og nýr varamaður var kosin í hennar stað, Hólmfríður Þórisdóttir.

Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og Kópavogsbæjar tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlitið. Jón Haukur Ingvason, sem er fulltrúi Kópavogs tók við formennsku eftir kosningar í maí 2018 og Linda Hrönn Þórisdóttir var skipuð varaformaður.

Heilbrigðisnefnd ber að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á sínu svæði. Annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Markmiðum þessum er fylgt eftir með eftirliti, vöktun og fræðslu sem unnið er að í þverfaglegu starfi. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Á árinu 2019 voru kynntar fyrirhugaðar breytingar á lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og jafnframt að til skoðunar væri fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga nr.93/1995 um matvæli. Drög að frumvarpinu voru kynnt á samráðsgátt stjórnvalda og sendu Samtök heilbrigðiseftirlita á Íslandi (SHÍ) og flest heilbrigðiseftirlitin athugasemdir vegna þessara breytinga. Yfirlýst markmið þessara lagabreytinga er að einfalda eftirlitskerfin og auðvelda þannig atvinnurekstrinum að hefja starfsemi og eins er lagt upp með breytingarnar leiði til kostnaðarlækkunar fyrir stofnanir og fyrirtæki landsins.

Þessum markmiðum á að ná með því að einfalda skráningu fyrirtækja, þannig að gert er ráð fyrir að ýmis fyrirtæki sem eru starfsleyfisskyld í dag, þurfi eftirleiðis ekki aðkomu heilbrigðisnefnda önnur þurfi einungis að skrá sig hjá Umhverfisstofnun sem síðan tilkynni það heilbrigðiseftirlitunum sem hafi eftirlitsskyldu með viðkomandi fyrirtækjum.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Þá hefur Ísland gengist við ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum varðandi umhverfismál og er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem færir okkur ýmsar skyldur um umhverfisvöktun sem og skuldbindingar um að tryggja heilnæmi matvæla og merkingar í samræmi við þeirra eftirlitskerfi.

Eftir ítarlega skoðun heilbrigðisnefndar og starfsmanna hennar og sama gildir um önnur eftirlitssvæði að þær breytingar sem kynntar voru á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og breytingar á reglugerðum þar að lútandi leiða ekki til þess að markmiðum laganna sé náð eða séu til hagsbóta fyrir fyrirtækin í landinu. Að mati heilbrigðiseftirlitanna er verið að veikja það eftirlit sem við þurfum að hafa með umhverfi okkar með því að draga úr eða færa eftirlitið til miðlægra stofnanna og fjarlægja þar með þá staðarþekkingu og nánd sem hægt er að byggja upp í nærumhverfinu. Þá sé flækjustigið meira og vandséð að það sé hagræðing í þeim breytingum sem kynntar hafa verið og engan veginn tryggt að álag vegna atvinnureksturs hafi lágmarks áhrif á umhverfi okkar og skerði ekki lífsskilyrði komandi kynslóða. Það er því mat heilbrigðisnefndar að fyrirhugaðar breytingar séu ekki til þess fallnar að einfalda regluverk eða að með breytingunum sé náð þeirri hagræðingu sem lagt er upp með í frumvarpdrögunum.

Heilbrigðisnefnd hélt 11 fundi á árinu. Samkvæmt fundargerðum voru bókaðir 487-dagskrárlíðir. Einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi og hluti mála tengjast fleiri en einum málaflokki. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárlíðir verið flokkaðir samkvæmt fimm helstu málefnaflokkum sem starfsemin tekur til.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélaga	24
Ný starfsleyfi	181
Endurnýjun starfsleyfa, tóbaksleyfi, frestuð mál	134
Umsagnir um rekstrarleyfi, skipulagsmál og samþykktir	79
Starfsemi heilbrigðiseftirlits, fundargerðir og önnur mál	69

Tafla 1, dagskrárlíðir flokkaðir eftir málaflokkum.

Á árinu 2019 voru 1641 fyrirtæki (1529 fyrirtæki í lok árs 2018), stofnanir eða starfsemi sem hafa þurft reglubundið eftirlit með. Af þeim fengu 900 aðilar eftirlitsheimsóknir á árinu í 1557 eftirlitsheimsóknum. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um um 1500 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok. Til viðbótar var farið í um 150 eftirlitsferðir á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfseminni var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti

ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Fyrirtæki og starfsemi getur einnig verið eftirlitsskyld án þess að þurfa starfsleyfi. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1338 í árslok og 56 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Um 90% eftirlitsskyldrar starfsemi er þannig með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Einn mælikvarði á virkni stjórnýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi á hverjum tíma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfiskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Hjá atvinnurekstri sem valdið getur mengun er oft um óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við borið að starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins. Þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málaflokka, matvæli, hollustuhætti, mengunar- og umhverfismál og stjórnun heilbrigðiseftirlitsins.

### **Matvælaeftirlit**

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Alls voru 93 umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar:

- 63 umsóknir fyrir nýja starfsemi.
- 26 umsóknir vegna eigendaskipta, endurnýjunar eða breytinga á rekstri.
- 4 umsóknir vegna tímabundinna sölu matvæla við útisamkomur.

Þegar matvæli eru á boðstólum á gististöðum er sú starfsemi flokkuð sem matvælafyrirtæki. Ákveðinni veitinga- og gististarfsemi ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Breyting varð á þeirri lagasetningu á árinu 2017 og fækkaði aðilum sem afla skyldu slíks rekstrarleyfis. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri sem og að starfsemin falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla sbr. lög um matvæli og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á árinu bárust 33 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir veitingastarfsemi og 31 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa þar sem matvæli yrðu á boðstólum.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 99 á árinu. Algengustu kvartanir og ábendingar voru vegna merkingar matvæla 22 Um slæma meðferð matvæla bárust 20 ábendingar. Um hreinlæti komu 17 kvartanir en þar undir falla kvartanir um að matvæli væru höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða eru skemmd við neyslu. Vegna hugsanlegra

matarsýkinga komu 14 tilkynningar en aðrar eru að ýmsum toga sem neytendur telja óviðeigandi varðandi matvæli sem höfð eru á boðstólum.

Sýni voru tekin til örverumælinga vegna ýmissa athugana í matvælaeftirliti. Niðurstöður mælinga eru bornar saman við örverufræðileg viðmið og metin út frá því. Sannprófaðar voru næringaryfirlýsingar og athugað var samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir landið hvort leifar varnarefna finnst í grænmeti og ávöxtum. Matvælastofnun tekur saman og birtir niðurstöður mælinga á varnarefnaleifum fyrir árið. Auk þess voru teknar um 170 hreinlætismælingar með ljósgleypni mæli í eftirlitsferðum í mötuneyti og veitingaeldhúsum. Mælingarnar gefa góðar vísbendingar um árangur þrifa og um almennt hreinlæti í fyrirtækjum og virðist gefa góða raun í að bæta almenna umgengni og hreinlæti og þar af leiðandi matvælaöryggi fyrir neytendur hjá þeim flokki fyrirtækja.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsbólum og dreifikerfi. Tekin voru á árinu 88 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi. Aðallega úr mannvirkjum vatnsveitna og dreifikerfi þeirra. Neysluvatnssýni eru jafnframt tekin úr einkavatsbólum stofnana og í matvælaeftirliti hjá fyrirtækjum. Á hverju ári eru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu neysluvatnsins. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga eru birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Deildarstjóri matvælasviðs var í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits. Starfsmenn sækja jafnframt fræðslufundi og námskeið Matvælastofnunar.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið afmarkað málefni, sem gjarnan er tengt gerð fræðsluefnis og eða breytingum á lögum eða reglugerðum. Í framhaldi af námskeiði um eftirlit með *listeriu monocytogenes* sem fram fór 2018 hófst framkvæmd eftirlitsverkefnis sem haldið var áfram með á árinu 2019.

Einnig stóð Matvælastofnun að tilhlutan Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að könnun á algengustu sjúkdómsvaldandi bakteríum og sýklalyfjaónæmum bakteríum í kjöti á markaði. Heilbrigðiseftirlitið var virkur þáttakandi í sýnatöku í smásölu á sínu svæði. Verkefninu mun haldið áfram á árinu 2020.

Innleiðingu gagnagrunnskerfis Matvælastofnunar var framhaldið ásamt þróun eftirlits-handbókar fyrir matvælaeftirlitið. Er það verkefni í samvinnu við Matvælastofnun og önnur eftirlitssvæði. Jafnframt var haldið áfram vinnu við áhættumat fyrir matvælafyrirtæki. Nýlegar breytingar á lögum um matvæli hafa þann tilgang að samræma eftirlit og upplýsingagjöf. Lagabreytingarnar tóku gildi 1. janúar 2019, að undanskyldu ákvæði þess efnis að 1. janúar 2021 skuli birta upplýsingar um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra. Vegna þessara breytinga kom Matvælastofnun á fót teymi sem er ætlað að undirbúa innleiðingu á löggjöfinni og halda utan um verkefnið. Hlutverk þess er m.a. að greina verkefni sem inna þarf að hendi, skoða og yfirfara verkferla ásamt öðrum nauðsynlegum verkefnum.

Teymið er undir forsvari forstöðumanns samhæfingarsviðs Matvælastofnunar og er deildarstjóri matvælasviðs frá heilbrigðiseftirlitinu þátttakandi í teyminu.

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs um 600. Með í þeirri tölu eru mötuneyti skóla og leikskóla. Í flokkinn annað koma fyrirtæki sem er með lítills háttar sölu matvæla og veitingasölu á viðburðum. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins um 620. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 665. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mötuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar.

Eftirlitsstaðir og ferðir	Framl. þökkun	Veitingastaðir	Verslun	Stóreldhús/mötuneyti	Vatnsveitur	Annað	Alls
Fj. staða	55	132	173	60	4	2	426
Fj. heimsótttra staða	27	118	71	53	3	2	274
Fj. eftirlitsferða	57	270	181	126	47	2	683

Tafla 3. Matvælaeftirlit; Fjöldi staða 31.12. 2019 og skráðar eftirlitsferðir. Annað er starfsemi tengd heimilum, minniháttar matvælasölu í annarri þjónustustarfsemi og tilfallandi eftirliti vegna atburða.

### Tóbaksvarnir

Tóbaksala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum en þó fer þeim fækkandi þeim veitingahúsum sem selja tóbak. Veitt voru 13 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga á árinu 2019 og var þar fyrst og fremst um endurnýjun að ræða. Þann 31.12.2019 voru smásölustaðir tóbaks alls 35 í umdæminu og eru 9 færri en árið áður. Kvartanir er tilheyra tóbaksvörnum voru 2 á árinu. Kvartanir voru áður vegna sölu tóbaks til unglunga, en breytingar á tóbaksnotkun í aðra neyslu hefur haft breytingar í för með sér. Sett voru lög 2018 um rafrettur sem tóku gildi 1. mars 2019 en samkvæmt þeim er eftirlit sölu þeirra í höndum Neytendastofu. Neytendastofa hefur óskað eftir samstarfi við heilbrigðiseftirlitin vegna þessa verkefnis og er þar horft til þess að heilbrigðisfulltrúar sendi Neytendastofu upplýsingar um hugsanleg brot á lögum og reglum um sölu og meðferð rafrettna ef þeir verða þess áskynja í hefðbundnu eftirliti.

### Hollustuhættir

Um málaflökkin gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti. Starfsleyfisumsóknir voru 74 samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

- 47 umsóknir fyrir nýja starfsemi.
- 23 umsóknir vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.
- 4 umsóknir um tímabundinna starfsemi s.s. útisamkomur.

Í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum á sér stað meðhöndlun og dreifing matvæla. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 86. Sem er töluvert færri en mörg ár þar á undan, Flestar eða 28 eru kvartanir vegna meindýra en 21 kvörtun er tengd ýmissi þjónustustarfsemi.

Vegna íbúðarhúsnæðis voru 10 kvartanir. Um að ræða fyrirspurnir og kvartanir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu eða kvartanir tengdar ýmsum öðrum málum sem upp geta komið í sambýli fólks. Kvörtunum vegna dýrhalds og flækingsdýra svo sem katta, dúfna, kanína, hesta, sauðfjár o.fl. hefur fækkað undanfarin tvö ár og reyndust á árinu 12 en voru töluvert fleiri árin þar áður. Á árinu kom almenningur 60 köttum úr umdæminu til vistunar í kattaathvarfi.

Til almennra kvartana teljast þær sem ekki er hægt að tengja beint tiltekinni atvinnustarfsemi eða lýðheilsu. Þær töldust 117 sem eru færri kvartanir en árin á undan. Flestar eða 42 voru vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Aðeins færri eða 38 sinnum var kvartað undan sorpi, öðrum úrgangi eða slæmri umgengni um lóðir og lendur. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota.

Nokkuð berst af ábendingum eða kvörtunum vegna óskráðra bíla, ýmissa lausamuna og úrgangs á bílastæðum eða á opnum svæðum sveitarfélaganna. Slíkum upplýsingum er komið til þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna sem annast framkvæmd hreinsana í viðkomandi bæjarfélagi. Aðkoma heilbrigðiseftirlits er að tryggja að rétt sé að framkvæmd staðið. Einnig leitar síðan töluvert af fólki til eftirlitsins sem ýmist er að biðja um fresti eða óska skýringa. Reynt er að verða við óskum þegar það er mögulegt. Sumir telja að á sér sé brotið. Límdir eru aðvörunarmiðar á tæplega þúsund bifreiðar á ári af starfsmönnum sveitarfélaganna.

Um áramótin 2019-2020 voru á skrá 2192 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar sem er fækkun milli ára um 11. Hlutfall eigenda sem sótt hafa námskeið í hundauppeldi er 63% og fjórir hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstarfa og einn hundur til aðstoðarstarfa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 83 kvartanir vegna hunda á árinu. Í rúmlega helmingi tilvika er heimili dýranna ekki þekkt. Algengast er að kvartað sé um lausagöngu hunda og næst algengast er að kvartað sé um ónæði s.s. vegna gelts. Um tveir þriðju kvartana eru vegna þessara atriða. Algengt er að þegar eigendur bregðast ekki við óþægingum sem hlýst af þeirra hundahaldi megi sjá fleiri atriði í samskiptum nágranna sem valda núningi en bara hundahaldið.

Á árinu ákvað Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að framlengja leyfi fyrir því að farþegar mættu hafa með sér dýr í strætó. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð og engar athugasemdir borist heilbrigðiseftirlitinu.

Samkvæmt lögum um velferð dýra hafa sveitarfélög hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörsluskyldu dýra. Þetta eru verkefni sem heilbrigðiseftirlitið sér um fyrir sveitarfélögin. Vistun hunda í dýraathvarfi fer sífellt fækkandi. Til slíkra vistanna kom 3 sinnum á árinu. Samskipti um týnd dýr á vef internetsins hefur dregið úr þörf á skammtímavistun ásamt auknum vilja til að hafa dýr hjá sér þar til eigandi finnst.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfar vinnuhópur á sviði hollustuháttamála. Vinnuhópurinn undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 6 fundir hjá hópnum. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða. Að þessu sinni var farið í fyrirtæki á Suðurnesjum. Að auki var einn sérstakur fundur þar sem mótaðar voru tillögur um hvaða atvinnustarfsemi gæti helst fallið að hugmyndum ráðuneytis um tilkynningaskyldu, þ.e. hvaða atvinnuflokka mætti undanskilja leyfisskyldu. Þá störfuðu undirhópar milli funda. Stærstu verkefni sem hópurinn vann að var endurskoðun starfsleyfisskilyrða á fyrrihluta ársins,

áhættugreining fyrirtækjaflokka og var þar framhaldið þeirri vinnu sem byrjað var á síðasta ári. Mikil vinna fór í endurskoðun hollustuháttareglugerð sem hófst á árinu 2018. Því miður hefur ný reglugerð ekki enn litið dagsljósið en reiknað er með að hún verði lögð fram á um mitt ár 2020.

Virk þátttaka heilbrigðiseftirlitsins er á innleiðingaferli vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar. Reglugerðin er alþjóðlegur bindandi sáttmáli sem hefur að markmiði að hindra útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eitrefna og geislavirkra efna milli landa. Reglugerðin kveður á um ítarlega skoðun á útgáfu sóttvarnavottorða fyrir skip. Millilandaskip geta fengið skoðun í 23 viðurkenndum höfnum á landinu og fengið viðeigandi vottorð sem þarf að endurnýja á 6 mánaða fresti. Hafnarfjarðarhöfn er ein af viðurkenndum höfnum landsins og skoðar heilbrigðisfulltrúi skip í þessum tilgangi þegar eftir er leitað. Gefin voru út 13 skipavottorð á árinu 2019.

Reglubundið eftirlit er með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Auk þess er hollustuháttaeftirlit með daggæslu í heimahúsum í samvinnu við félagsmálayfirvöld. Vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengast að áætluð sé ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 444 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

	Fegrunar- og snyrtistarfs.	Fræðsla- íþróttir og menning	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	Gisting og veitingar	Annað	Alls
Fj. staða 31.12.2019	136	234	81	218	10	679
Fj. staða sem fengu eftirlit	82	130	13	85	3	313
Fj. eftirlitsferða	95	161	18	167	3	444

Tafla 5. Hollustuháttareglugerð. Fjöldi staða 31.12.2019 og skráðar eftirlitsferðir. Til fegrunar- og snyrtistarfsemi telst hársnyrting, snyrtistofur, ljósaðstofur, húðflúr og húðgötun. Gististaðir, veitingastaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast einnig með matvæla-fyrirtækjum. Tannlæknastofur eru flokkaðar í töflu vegna mengunarvarnaeftirlits en ekki með heilbrigðisstarfsemi í þessari töflu. Annað eru gæludýraverslanir og verslunarmiðstöðvar.

## Umhverfiseftirlit

Um málaflokkinn gilda aðalega lög um hollustuhætti og mengunarvarnir en auk þeirra nokkur sérlög sem snúa að mengunarvörnum. Alls 112 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða.

71 umsóknir fyrir nýja starfsemi.

41 umsókn vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og fyrir tímabundna starfsemi.

## Skipulagsmál.

Allmörg álit voru gefin um umhverfis- og skipulagsmál. Flestar umsagnir voru veitar vegna skipulagsmála í Garðabæ eða 12. Flestar sneru þessi álit að skipulagbreytingum á Álftanesi en líka var um að ræða breytingar og framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg þar sem hann liggur í gegnum Garðabæ. Í Hafnarfirði voru veitar umsagnir í 7 erindum og var þar m.a. fjallað um skipulagsmál í upplandi bæjarins og við Krísvíkurbjarg. Í Kópavogi voru skrifaðar 4 umsagnir um skipulagsmál. Þar má helst nefna endurskoðun á aðalskipulagi varðandi miðsvæði Kópavogs, Hamraborg og Traðarreits. Þá var veitt umsögn um strandsvæði höfuðborgarsvæðisins, þar sem fyrir lá skipting vatnshlota meðfram strandlengju höfuðborgarsvæðisins.

### Vatnsvernd.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að ákvörðun verndarsvæða fyrir neysluvatn og setningu heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd. Hvoru tveggja, skipulag vatnsverndar og samþykktin voru staðfest 19. júní 2015 og er samþykktin nr. 555/2015.

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en stór hluti vatnsverndarsvæðisins er innan eftirlitssvæði Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sérstök framkvæmdastjórn sér um að samræma eftirlitið. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 5 fundi á árinu 2019. Málefni skíðasvæðanna og væntanlegar framkvæmdir á skíðasvæðum í Bláfjöllum voru fyrirferðamestu málefni á árinu. Fallið var frá kröfunni um umhverfismat vegna framkvæmdanna í framhaldi af áhættumati og greinagerð skíðasvæðanna um mótvægisáðgerðir á svæðinu. Einnig samþykktu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH, að hefja þegar undirbúning að borun á nýjum rannsóknarholum á svæðinu til að styrkja grunn undir nákvæmari rennislíkan fyrir vatnsverndarsvæðið. Þá var fjallað um fyrirhugað athafnasvæði á Hólmsheiði og áhrif þess á öryggissvæði vatnsverndar samhliða lagfæringa og breytinga á Suðurlandsvegi þar sem hann liggur á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Formennska í framkvæmdastjórn flyst á tveggja ára fresti milli eftirlitssvæða. Formennska í Framkvæmdastjórn um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins er nú undir forystu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

### Umhverfisgæði.

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnframt er nokkur hættu á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Farið var í sérstakt átak á árinu 2019 í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ í að skoða lækir og ár sem renna í gegnum bæinn. Gerð var ítarleg skýrsla, „Vöktun á yfirborðsvatni í Hafnarfjarðarbæ, nóv. 2019“ þar sem farið var ítarlega yfir ástand þeirra.

Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hættu á skólpmengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Töluvert margar kvartanir berast eftirlitinu þegar mengun er sýnileg og greinilegt að íbúar vilja viðhalda hreinleika þeirra.

Niðurstöður vöktunar eru birtar jafnóðum á heimasíðu heilbrigðiseftirlits. Sama gildir um mælingar í fjörum en strendur og strandsvæði hafa einnig mikið útivistargildi. Vöktun þar er einnig til að fylgjast með hvort förgun skólps teljist viðunandi. Öðru hvoru verður vart skólpmengunar í fjörum en það er þó mat heilbrigðisnefndar að þar hafi gerlafræðilegt ástand þróast í rétta átt og útivistargildi fjara sé almennt viðunandi. Hafa þarf þó í huga að fjörur á svæðinu geta ávallt verið undir einhverju álagi frá byggð.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Með stjórn vatnamála átti að koma á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnarsýslumörkum. Umhverfisstofnun með aðkomu Veðurstofu Íslands og Orkustofnun stýrir málaflokknum. Við setningu laganna voru uppi mikil áform um innleiðingaferil á stjórn vatnamála er næði til árána 2011 til 2015 og síðan úttektir á vatnsvæðum fram til ársins 2021. Það var sá tímarammi sem Ísland hafði til að uppfylla tilskipunina. Vinnan lagðist fljótlega af við



innleiðinguna en vinna við gerð hennar var hafin að nýju á miðju ári 2019 og er ætlunin að ljúka henni fyrir árslok 2020.

### Loftgæði.

Samkvæmt ákvæðum laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. er heilbrigðisnefndum ætlað að semja aðgerðaráætlun um þær skammtímaráðstafanir sem gripið skal til ef hætta er á að loftmengun fari yfir skilgreind mengunarmörk. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun 2008/5/EB „um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu“. Umhverfisráðherra gaf út á árinu ákvörðun um að heilbrigðisnefndir skyldu sjá til þess að aðgerðaráætlanir fyrir aðildarsveitarfélög þeirra skyldu taka gildi á næsta ári, 2020. Vinna fyrir sameignlega aðgerðaráætlun fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog hófst á haustmánuðum.

Til að semja slíka aðgerðaráætlun þarf að vera til góður grunnur upplýsinga um loftgæði og hefur heilbrigðisnefnd í samstarfi við sveitarfélögin set upp og rekið mælistöðvar sem eiga að tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Á árinu voru fjórar loftgæðamælistöðvar í umdæminu sem nýtast þessum tilgangi með mismunandi hætti. Nálágast má rauntímaniðurstöður þeirra á heimasíðu [www.heilbrigðiseftirlit.is](http://www.heilbrigðiseftirlit.is) og frá öðrum loftmælistöðvum á landinu. Þá heldur umhverfisstofnun jafnframt úti heimasíðu um loftgæði, [www.loftgædi.is](http://www.loftgædi.is). Stöðvar heilbrigðiseftirlits í Dalsmára og á Norðurhelli eru með veðurstöðvum til að auðvelda túlkun gagna. Rauntíma veðurupplýsingar má nálgast á vef heilbrigðiseftirlits en ekki á vef Umhverfisstofnunar.

*Lækjarbotnar Kópavogur.* Orka náttúrunnar kom upp snemma árs 2015 mælitækjum við skólasetrið í Lækjarbotnum til að fylgjast með brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S). Skýrslur hafa verið gefnar út um þær niðurstöður. Verkfræðistofan Vista annast skýrslugerð eins og undanfarin ár.

*Dalsmári Kópavogur.* Heilbrigðiseftirlitið rekur loftgæðamælistöð við Dalsmára í Kópavogi. Þar fara fram mælingar á styrk brennisteinsvetnis (H<sub>2</sub>S), brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>), köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>) og á svifryki (PM<sub>2,5</sub> og PM<sub>10</sub>) í andrúmslofti. Stöðin hefur verið í Dalsmára frá því í maí 2014 og er ein af lykil mælistöðvum fyrir höfuðborgarsvæðið. Við Dalsmára fara mælingar fram ekki fjarri umferðargötu og gætir þess í niðurstöðum. Það kemur fram í dægur- og árstíðabundnum sveiflum. Í lok árs 2019 var skipt um rykmæli í loftgæðastöðinni við Dalsmála, Með nýju tæki verður einnig hægt að skoða sérstaklega fínasta svifrykið PM<sub>0,1</sub>.

*Norðurhella Hafnarfjörður.* Heilbrigðiseftirlitið rekur mælistöð að Norðurhelli 2. Í júní 2016 voru tæki stöðvarinnar við Norðurhelli endurnýjuð og hliðstæðar mælingar og í Dalsmára hafnar þ.e. símælingar á efnunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum.

*Áramót.* Um áramótin 2018-2019 viðraði þökkalega vel fyrir brennuhald og til að skjóta upp flugeldum, en hagstæðir vindar komu í veg fyrir mikla mælanlega mengun frá flugeldum og blysum.

*Hvaleyrarholt Hafnarfjörður.* Þar fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Mældur er styrkur brennisteinsvetnis (H<sub>2</sub>S), brennisteinsdíoxíðs(SO<sub>2</sub>), köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>) og svifryks (PM<sub>2,5</sub> og PM<sub>10</sub>) í andrúmslofti. Einnig er styrkur flúors (F) í ryki og í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti.

Í byrjun árs 2019 var kynnt skýrsla Náttúrufræðistofnunar um vöktun þungmálma í mosa á Íslandi 1990-2015. Rannsóknin er hluti af Evrópskri rannsókn sem gerð er á fimm ára fresti til að meta dreifingu og styrk brennisteins og ýmissa þungmálma í umhverfinu. Svipaðar

niðurstöður eru kynntar í skýrslunni og kom fram í hliðstæðri skýrslu frá 2013 þar sem dregin var frekar dökk mynda af dreifingu mengandi efna frá iðnaðarhverfinu við álverið í Straumsvík. Heilbrigðisnefnd bókaði af því tilefni þau varnaðarorð að mikilvægt væri að oftúlka ekki niðurstöður skýrslunnar. Rannsóknir sem heilbrigðisnefnd hefur staðið fyrir á styrk ólífræna snefilefna í andrúmslofti á svæðinu hefur reynst almennt mjög lágur og vel undir viðmiðunarmörkum um andrúmsloft á Íslandi. Niðurstaða í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var að „leita þurfi til lítt mengaðra svæða í Evrópu til að finna janlaga styrki málma og finna má við söfnun við iðnaðarhverfið á Völlunum“.

#### **Kvartanir er tengjast mengun eða álagi á umhverfi.**

Skráðar kvartanir reyndust 69 á árinu, heldur færri en fyrra ári. Flestar kvartanir tengjast ónæði frá starfsleyfisskyldum atvinnurekstri eða alls 39. Sérstaklega er haldið utan um kvartanir er tengjast ólykt og voru þær einungis 6 á árinu og greinilegt að tekið hefur verið til hendinni í að lagfæra þessi mál á árinu, þar sem á síðasta ári voru 26 tilkynningar vegna ólyktar. Atvik skráð sem mengunar- og olíuóhöpp eða efnaslys á árinu voru 10. Í mörgum tilvikum er slíkum útköllum sinnt í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Mengunaróhöpp eru fleiri því heilbrigðiseftirlitið kemur ekki að öllum mengunarslysum og óhöppum. Versta tilvikið á árinu var stórbruni við Fornubúðir, en þar var Fiskmarkaður Suðurnesja til húsa ásamt nokkrum öðrum fiskvinnslufyrirtækjum og brann mikið af fiskikerjum, plasti og öðrum eldfimum efnum. Auk ofangreindra tilvika sinnti eftirlitið 14 „mengunaratvikum“ sem ekki voru flokkuð hér að framan.

Í gildi er reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Þar er m.a. að finna ákvæði er varðar hávaða vegna framkvæmda og um heimiluð tímamörk. Embætti byggingafulltrúa hefur beina aðkomu að byggingastarfsemi öfugt við heilbrigðiseftirlit. Samkomulag er um að kvörtunum er berast vegna hávaða og undan öðru ónæði er tengist endurnýjun húsnæðis eða nýframkvæmdum sé beint yfir til viðkomandi byggingafulltrúa, en þessum kvörtunum fór fækkandi á árinu.

Ítrekaðar kvartanir hafa verið vegna umgengni við Elliðavatn og var ástandinu lýst ítarlega í fréttabáttum og umfjöllun í fjölmiðlum. Hafist var handa við hreinsun á svæðinu í lok sumars og var ástandið í lok árs orðið viðunandi.

#### **Umhverfisgæðahópur.**

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 8 fundir á árinu og er þá meðtalinn tveggja daga vinnufundur sem haldinn var úti á landi. Hópurinn vann að áhættumati fyrir mengandi starfsemi, túlkun á olíureglugerð, og við að samræma starfsleyfisskilyrði í framhaldi af útkomu reglugerðar 550/2018. Á vegum umhverfisgæðahóps hefur verið unnið að áhættumati fyrir þá tíðni eftirlits sem æskilegt er að framfylgja. Þar er horft til umfangs reksturs, úrgangs, fráveitu, loftgæða, hávaða, innra eftirlits, ásýndar og fleiri atriða sem hafa áhrif á gæði umhverfis. Reiknað er með að endanlegt áhættumat liggi fyrir á árinu 2020 og verði í framhaldinu hluti af þeirri landsáætlun sem Umhverfisstofnun leggur upp með í eftirliti.

#### **Mengunarvarnaeftirlit.**

Ný mengunarvarnaeftirlits- og starfsleyfisreglugerð (nr. 550/2018) leysti af eldri reglugerðir á árinu (986/1999 og 985/1999). Því fylgir töluverðar breytingar á formi og umsýslu en minni á inntaki mengunarvarnaeftirlits. Eftirlit byggir á ákvæðum laga sem og reglugerðar 550/2018 og annara reglugerða er varða meðferð og förgun úrgangs, spilliefna og olíuefna auk ýmissa annarra málaflokka. Eftirlit byggir einnig á samræmdum starfsleyfisskilyrðum og á sér

ákvæðum í starfsleyfum. Unnið er að gerð samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir starfsgreinar sem eftirlit er haft með og er sú vinna að mestu unnin af fulltrúum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum undir yfirumsjón Umhverfisstofnunnar.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Áætlaðar voru að lágmarki 380 eftirlitsferðir á árinu en skráðar eftirlitsferðir urðu 430 þegar eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

	Málm- og bílgrein	Efna- og timburiðn	Fóður-og matvæli	Úrgangsmál	Annað*	Samtals
Fj. staða	302	156	40	22	16	536
Fj. sem fékk eftirlit	195	84	28	7	3	313
Fj. eftirlitsferða	240	96	73	12	9	430

Tafla 7. Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2019 og skráðar eftirlitsferðir. \*Annað er t.d. lþróttastarfsemi s.s. skíðasvæði, akstursbrautir, skotvöllur og einnig jarðefnavinnsla og geymslur.

## Fjármál og annað

Breytingar hafa verið á starfsmannahaldi. Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri lét af störfum hjá heilbrigðiseftirlitinu eftir 35 ára starf. Guðmundi voru færðar kveðjur og þakkir í sérstöku hófi sem fram fór á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins í lok mars og mætu bæjarstjórar allra sveitarfélaganna til hófsins og færðu honum þakkir og kveðjur fyrir góð störf á liðnum áratugum.

Nýr framkvæmdstjóri tók við rekstri eftirlitsins í lok árs 2018 og einnig var ráðin deildarstjóri matvæla- og hollustuhátta sem hóf störf í mars. Þá kom nýr heilbrigðisfulltrúi til starfa á vormánuðum. Einn heilbrigðisfulltrúi fór í veikindaleyfi í mars og lét svo af störfum í framhaldi af því veikindaleyfi og einn heilbrigðisfulltrúi fór í barneignarleyfi í maí. Fjórir háskólastúdentar voru ráðnir í ýmis verkefni yfir sumarmánuðina. Tveir eftirlitsmenn sóttu réttindanámskeið á vegum Umhverfisstofnunnar og Matvælastofnunnar á árinu fyrir heilbrigðisfulltrúa.

Virk þátttaka er á vettvangi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi s.s. við undirbúning og framkvæmd árlegs haustfundar samtakanna. Á þeim vettvangi gefst öllum starfandi heilbrigðisfulltrúum á landinu kostur á að taka þátt í faglegri umræðu um starfssvið sitt. Haustfundur heilbrigðisfulltrúa fór fram í Garðabæ í október og var undirbúningur og skipulag fundarins á vegum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Meginþema fundarins var heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvaða hlutverk heilbrigðiseftirlitin hefðu í að nálgast þau markmið. Fundurinn var mjög fróðlegur og stóð hann yfir í tvo daga. Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbjartsson hélt erindi á fundinum um heimsmarkmiðin, bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson hélt erindi um hvað Kópavogsbær væri að gera varðandi heimsmarkmiðin og fulltrúi úr forsætisráðuneytinu kynnti þær aðgerðir stjórnvalda sem stuðla að þeim markmiðum sem fram koma í heimsmarkmiðunum. Rúmlega 20 önnur erindi voru flutt á ráðstefnunni og tóku heilbrigðisfulltrúar virkan þátt í umræðum og vinnuhópum á ráðstefnunni. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Rósa Guðbjartsdóttir tók á móti ráðstefnugestum

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur nemi sem næst 75% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 25% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits

með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2019 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 107.055.230 eða 71,1% af rekstrarkostnaði. Frávik rekstrarniðurstöðu frá fjárhagsáætlun skýrist af fyrst og fremst lægri tekjum en áætlað voru. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 23.019.976 og tekjur kr. 22.477,113. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árunna 2012 til 2019, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við íbúafjölda í desember ár hvert.

Ár	Íbúafjöldi	Fyrirtæki og stofnanir	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2019	83.073	1590	9,5	151.268.491	1,820	95.137	15.922.999
2018	81091	1529	8,5	139.377.631	1.719	91.156	16.397.368
2017	79179	1525	8	119.500.694	1509	78.361	14.937.567
2016	77046	1560	7,5	104.567.723	1357	67.031	13.942.363
2015	75533	1480	8	100.990.198	1337	68.237	12.663.775
2014	73845	1400	8	91.009.577	1232	65.007	11.376.197
2013	72406	1483	8	89.862.829	1241	60.595	11.232.854
2012	71393	1413	7,6	84.554.428	1184	59.840	11.125.583

Tafla 8. Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2012 til 2018 á verðlagi hvers árs.

Ár	Íbúafjöldi	Fjöldi hunda	Ársverk	Heildar-kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2019	83073	2142	1,5	23.019.976	277	10.746	15.346.650
2018	81091	2153	1,5	23.086.228	276	10.723	15.390.819
2017	79179	2312	1	22.220.281	281	9.611	22.220.287
2016	77046	2319	1,5	23.567.276	305	10.163	15.711.517
2015	75533	2364	1,5	24.011.691	318	10.157	16.007.794
2014	73845	2344	1,5	22.932.350	311	9.783	15,288,233
2013	72406	2380	1,5	22.017.675	304	10.804	14.678.450
2012	71393	2269	1,5	22.724.577	318	10.015	15.149.718

Tafla 9. Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2012 – 2019 á verðlagi hvers árs..